



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 14. mars 2017

Niðurstöður athugunar hjá Kviku banka hf. á tilteknum þáttum í aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

Fjármálaeftirlitið lauk athugun hjá Kviku banka hf. (hér eftir Kvika) í febrúar 2017. Athugunin beindist að tilteknum þáttum í aðgerðum Kviku gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, sbr. lög nr. 64/2006. Í athuguninni var lögð sérstök áhersla á könnun Kviku á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn sína, reglubundið eftirlit með samningssambandinu við viðskiptamenn, tilkynningarskyldu og þjálfun starfsfólks.

Niðurstöður athugunarinnar voru byggðar á upplýsingum og gögnum sem aflað var við athugunina og stöðunni eins og hún var á þeim tíma sem athugunin fór fram.

Af þeim upplýsingum og gögnum sem aflað var við athugunina og miðað við þá þætti sem teknir voru til athugunar er það mat Fjármálaeftirlitsins að framkvæmd Kviku við könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn sína, reglubundið eftirlit með þeim, tilkynningarskyldu og þjálfun starfsfólks sé almennt viðunandi miðað við þær kröfur sem gerðar eru í lögum nr. 64/2006, með síðari breytingum. Þó setti Fjármálaeftirlitið fram nokkrar ábendingar um atriði sem betur megi fara, m.a. með vísan til leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins nr. 5/2014.